

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurbings, nr. 670/2022.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi sína samkvæmt starfsáætlun sem skal leggja fyrir á síðasta fundi hvers árs fyrir næsta ár þar á eftir eða til loka kjörímabils það ár sem sveitarstjórnarkosningar eru. Miða skal við tíu fundi á ári. Í starfsáætlun skal koma fram dag-, tíma- og staðsetning funda og skal hún kynnt kjörnum fulltrúum með tryggum hætti.

2. gr.

Í stað orðanna „fyrir kl. 23.59 á mánudagskvöldi fyrir sveitarstjórnarfund“ í 4. mgr. 10. gr. samþykktarinnar kemur: á miðnætti þriðja degi fyrir fund.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. samþykktarinnar fellur brott.

4. gr.

Á undan a-lið 16. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Í fundargerð sem er rituð rafrænt skal getið númers fundar og heitis nefndar, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða. Fundargerðir skulu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins svo fljótt sem auðið er. Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

5. gr.

Í stað orðanna „í gerðabók“ í a-lið 16. gr. samþykktarinnar kemur: í rafræna fundargerð.

6. gr.

2. málslíður 2. mgr. 24. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi: Komi til forfalla hjá aðalmanni samkvæmt samþykkt þessari skal hann boða varamann sinn eins fljótt og auðið er og tilkynna fundarboðanda um það.

7. gr.

9. og 17. tl. C-liðar 53. gr. samþykktarinnar falla brott og uppfærast eftirkomandi töluliðir í samræmi við það.

8. gr.

6. tl. D-liðar 53. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi: *Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga*. Skv. 4. gr. skipulagsskrár Þekkingarnets Þingeyinga.

9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 55. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo: Staðgengill sveitarstjóra skal vera fjármálastjóri sem er jafnframt prókúruhafi sveitarfélagsins í forföllum og fjarveru sveitarstjóra.

10. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Norðurbings hefur sett, samkvæmt 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 14. ágúst 2025.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 29. ágúst 2025